

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. júlí 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-31/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. apríl 2016 bað X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á sófa af Z, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir sófann gallaðan og krefst riftunar á kaupunum.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 26. apríl 2016 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 10. maí 2016. Hinn 18. maí voru andsvörin send til álitsbeiðanda og henni bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér ekki þá heimild og ekki bárust frekari athugasemdir til nefndarinnar. Með bréfi, dags. 3. júlí 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á Amsterdam tungusófa af seljanda í október 2015 fyrir 260.000 krónur. Fljótlega eftir kaupin segir álitsbeiðandi að farið hafi að heyrast ískur og brak í sófanum auk þess sem efnið hafi farið að hnökra mikið á innan við viku. Álitsbeiðandi hafði samband við verslunarstjóra seljanda um 5 vikum eftir kaupin og fékk loforð um að starfsmaður kæmi að líta á sófann sem hann og gerði. Starfsmaðurinn skoðaði sófann, losaði um nokkrar skrúfur og sagði að sófinn væri í fínu lagi. Þegar álitsbeiðandi spurði starfsmanninn út í efnið á sófanum segir hún starfsmanninn hafa ætlað að ræða við verslunarstjóra en hún hafi ekki heyrt meira frá þeim. Hafi hún þá sent verslunarstjóra tölvupóst en ekki fengið nein svör svo hún hafi haft samband við eiganda. Úr varð að fyrrnefndur starfsmaður bauð álitsbeiðanda 13% afslátt af sófanum, eða 30.000 krónur, sem hún hafi ekki sætt sig við. Álitsbeiðandi kveðst hafa krafist þess að fá að skila sófanum og fá hann endurgreiddan en starfsmaðurinn sagði það ekki mögulegt þar sem seljandi ætti ekki fleiri slíka sófa. Þá hafi álitsbeiðanda síðar verið boðinn 20% afsláttur og ákvað hún að þiggja það og fá endurgreiðslu að fjárhæð 54.000 krónur frá seljanda þar sem hann hafi margneitað að taka sófann til baka. Taldi álitsbeiðandi betra að greiða 206.000 krónur fyrir gallaðan sófa en 260.000 krónur.

Krefst álitsbeiðandi þess fyrir nefndinni að kaupunum verði rift þar sem sófinn sé gallaður, seljandi taki sófann til baka og endurgreiði henni kaupverðið að undanskildum fyrrgreindum afslætti að fjárhæð 54.000 krónur.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að álitsbeiðandi hafi í þrígang óskað eftir því að skila sófa til seljanda. Í fyrstu tvö skiptin hafi það verið samþykkt, þann 30. september og 12. október 2015. Vegna kaupa á umþrættum tungusófa þann 16. október hafi það ekki verið

samþykkt en álitsbeiðanda hafi verið veittur afsláttur vegna þeirra annmarka sem hún taldi vera á sófanum.

Fyrst hafi álitsbeiðanda verið greiddar 13.000 krónur og síðar hafi henni verið gefinn viðbótarafsláttur að fjárhæð 51.998 krónur. Á afsláttarnótu komi sérstaklega fram að afslátturinn sé veittur vegna ískurs og hnökra á áklæði sófans.

Seljandi telur að flest hafi verið reynt til að koma til móts við óskir álitsbeiðanda vegna skila, skipta og kvartana og hafnar kröfu álitsbeiðanda.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir krefst álitsbeiðandi þess að kaupum hennar á sófa af seljanda þann 16. október 2015 verði rift vegna galla. Fyrir liggur að ískra fór í sófanum stuttu eftir að álitsbeiðandi festi kaup á honum. Starfsmaður seljanda lagaði ískrið með því að losa um nokkrar skráfur en viku síðar segir álitsbeiðandi að ískrið hafi komið aftur. Þá hafi efnið í sófanum einnig farið að hnökra eftir tæplega viku notkun.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þó telst söluhlutur ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Álitsbeiðandi mátti gera þá kröfu að efni sófans myndi halda upprunalegu útliti sínu mun lengur en raun ber vitni, en efni sófans fór að hnökra eftir tæplega viku notkun sem er ekki í samræmi við þær væntingar sem álitsbeiðandi mátti gera til endingar á sófanum. Af frásögn álitsbeiðanda og myndum af sófanum að dæma verður því að telja að hann hafi verið haldinn galla í skilningi 16. gr., sbr. b-liðar 2. mgr. 15. gr. nkpl. við kaupin. Þá er ekkert sem bendir til þess að sá galli sé sök álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi hefur þegar fengið afslátt af kaupverðinu vegna gallans, með endurgreiðslu úr hendi seljanda að fjárhæð 13.000 krónur og síðar 51.998 krónur, samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu, í samræmi við 31. gr. nkpl. Álitsbeiðandi krefst hins vegar riftunar á kaupunum. Samkvæmt 32. gr. nkpl. getur neytandi, í stað afsláttar, rift kaupum nema galli sé óverulegur. Riftun verður ekki beitt nema í undantekningartilvikum, þegar um verulega vanefnd er að ræða. Sá galli sem um ræðir felst í ískri, sem starfsmaður seljanda lagaði en álitsbeiðandi segir hafa haldið áfram nokkru síðar, svo og hnökrum á áklæði sófans. Af þeim upplýsingum sem fyrir liggja í málinu verður hvorki séð að sá galli sem um ræðir sé verulegur né að sófinn henti ekki til þeirra nota sem hann á að gegna. Af framlögðum myndum virðist aðeins um lítilsháttar útlitsgalla að ræða. Álítur nefndin því samkvæmt framangreindu að ekki sé unnt að fallast á kröfu álitsbeiðanda um riftun á kaupunum. Aðrar kröfur hafa ekki verið gerðar í málinu.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VI
Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson